

Kalka sorpeyðingarstöð sf.
Berghólabraut 7
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 8. maí 2020
UST202002-182/H.R.A.
08.14.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. febrúar sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti með sorpbrennslu Kölkú sorpeyðingarstöðvar sf. í Helguvík, þann 5. desember 2019. Frestur var veittur til 5. mars sl. til að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur. Þann 31. mars sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

Frávikið er eftirfarandi:

- 1. Gr. 5.4 í starfsleyfi.** Við símælingar í útblæstri fara toppar í styrk SO₂, HCl og NO_x yfir losunarmörk sem gefin eru upp í starfsleyfi. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er vinna að úrbótum í útblástursmálum þegar hafin. Leit af heppilegum sóða eða kalki hefur staðið yfir og verið er að skipta alfarið um sóða frá nýjum birgja. Rekstraraðili sér fram á að 1. júlí 2020 verði sýn starfsfólks á flæði efnis inn í brennslustöð, inn á brennsluofn og út í formi útblástur, botn og flugösku orðin skýr. Vinnu við endurskoðun flokka efna til brennslu mun verða lokið, þeir skilgreindir vandlega og þeim fjölgað ef ástæða þykir til. Flokkun gerir greinarmun á efni m.a. út frá þeim breytum sem hafa áhrif á efnasamsetningu í útblæstri. Til stendur að gera tvennskonar athuganir til að afla frekari þekkingar á efnunum í útblæstri, áhrifum kalks og sóða: a) Fylgnigreiningar byggðar á sögulegum gögnum (brennslubókhalld vs. útblástur). b) Tilraunir þar sem völdum efnisstraumum hefur verið haldið frá brennslunni í tvo sólarhringa eða meira. Prófanir á tilgátum um áhrif frumbreytu (efni inn á brennslu) og fylgibreytu (efni í útblæstri). Jafnframt verða verklagsreglur og vinnulýsingar í brennslu endurskoðaðar, uppfærðar í ljósi niðurstaðna og með hjálp sýnilegra mælikvarða sem hafa verið endurbættir og/eða gerðir sýnilegir. Einnig verða verkagsreglum gefin stýrimörk og fyrirmæli um hverju skuli breyta í innmötun þegar ákveðin gildi í útblæstri hækka.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllt



Skúli Þórðarson
Sviðsstjóri



Helga Rut Arnarsdóttir
Lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurnesjasvæðis